

## Yfirlýsing í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál

Í tengslum við undirritun samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál, sbr. 11. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, lýsa forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra yfir vilja sínum til að vinna að því að afla fjárheimilda á Alþingi fyrir eftirtaldar aðgerðir sem miða að því veita sveitarfélögum fjárhagslega viðspyrnu og til að verja lögbundna grunnþjónustu:

**A. Málefni fatlaðs fólks:** Veitt verði **670 m.kr.** aukaframlag á árinu 2020 sem varið verði til framlaga til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks.

Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks verði um 670 m.kr. lægri en ráð var fyrir gert í upphafi árs. Ástæður eru annars vegar lækkun útsvars ársins og hins vegar lægri framlög ríkissjóðs til verkefnisins.

**B. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga:** Veitt verði **720 m.kr.** framlag á árinu 2020 sem renni til sveitarfélaga þar sem kostnaður við fjárhagsaðstoð er yfir nánar tilgreindum mörkum.

Samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga 2019 námu útgjöld sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar 3,7 ma.kr. á síðasta ári en þar af nam fjárhæðin 2,4 ma.kr. hjá Reykjavíkurborg. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur áætlað að útgjöldin gætu aukist um allt að 30% á landsvísu á milli ára og er framlaginu ætlað að koma til móts þá þróun.

**C. Sveitarfélög sem standa höllum fæti:** Veitt verði **500 m.kr.** framlag árið 2020 sem nýtist til stuðnings þeirra sveitarfélaga sem glíma við hvað mesta fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 faraldursins. Framlöggin verði veitt í samstarfi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og eftir atvikum Lánasjóð sveitarfélaga.

Greining starfshóps stjórnvalda leiðir í ljós misjafna fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Mörg þeirra eru í góðum færum að takast á við áskoranirnar meðan önnur standa verr að vígi m.a. vegna neikvæðrar íbúapróunar, lágra skatttekna og skuldastöðu.

**D. Stefnumörkun um sjálfbærni sveitarfélaga:** Veitt verði **935 m.kr.** framlag sem styðji við stefnumarkandi áætlun stjórnvalda um eflingu sveitarstjórnarstigsins og aukna sjálfbærni þess með sameiningum sveitarfélaga. Hluti framlagsins verði nýttur til umbóta á sviði starfrænna lausna hjá þeim sveitarfélögum sem fara í sameiningarferli án næstu tveimur árum.

Frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum hefur það að markmið að binda lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga við 1.000 íbúa. Áætlað er að fjárhagslegur ávinningur af aðgerðinni geti numið á bilinu 3,5 til 5 milljörðum króna á ári. Nýjar reglur kveða á um stóraukinn stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við sameiningar og er gert ráð fyrir að sá stuðningur geti numið allt að 12 milljörðum króna á tímabili áætlunarinnar. Reglurnar fela í sér verulegan fjárhagslegan hvata fyrir sveitarfélög til að sameinast, en stuðningurinn getur ýmist nýst við að bæta þjónustu við íbúa, styrkja innviði í sameinuðu sveitarfélagi eða til lækkunar skulda. Sérstakt kynningarátak er í undirbúningi um inntak og efni reglnanna í þeim tilgangi að hvetja sveitarfélög til að nýta sér stuðninginn.

**E. Tímabundin lækkun tryggingargjalds:** Í tengslum við launahækkanir á grundvelli lífskjarasamningsins sem koma til framkvæmda um áramót hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita sér fyrir tímabundinni lækkun á tryggingargjaldi, sem samsvarar viðbótarútgjöldum launagreiðenda vegna hækkanna. Fyrir sveitarfélögin þýðir þetta lækkun á útgöldum sem samsvarar um **480 m.kr.**


**F. Lán úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga:** Að heimild til að nýta **1.500 m.kr.** úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði nýtt í ár og á næsta ári til þess að vega upp á móti lækkun almennra tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins. Með lögum nr. 37/2020 var Jöfnunarsjóði sveitarfélaga veitt heimild til að nýta allt að 1.500 m.kr. úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga m.a. til greiðslu almennra jöfnunarframlaga. Framlagið verði endurgreitt Fasteignasjóði á tímabilinu 2021–2028. Áætlað er að sjóðurinn hafi um 4 milljarða kr. minni fjárheimildir til ráðstöfunar í ár en ráð var fyrir gert og munar þar mestu um lækkun á lögbundnum framlögum ríkissjóðs.


Viðbótarframlög ríkissjóðs nema því samtals **3.305 m.kr.** Heildarstuðningur til viðspyrnu fyrir sveitarfélögin á grundvelli yfirlýsingarinnar næmi því **4.805 m.kr.** Jöfnunarsjóður sveitarfélaga annaðist útgreiðslur framlaga á grundvelli nánar skilgreindra reglna þar um, sem unnar verði í nánu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Framangreind úrræði koma til viðbótar öðrum stuðningsaðgerðum sem nánar er gerð grein fyrir í Fylgiskjali 1.

Ríkisstjórnin mun áfram fylgjast með þróun í fjármálum sveitarfélaga í góðri samvinnu við þau. Fjárhagsupplýsingar úr rekstri þeirra verða reglulega uppfærðar og brugðist verður við eins og við á hverju sinni til að tryggja að sveitarfélögin geti sinnt þeirri mikilvægu nærþjónustu sem þeim er falið að sinna skv. lögum. Ríkisstjórnin mun standa að baki sveitarfélögum eins og frekast er unnt svo starfsemi þeirra raskist ekki um of á komandi mánuðum og misserum. Líta ber á þann stuðning sem yfirlýsing þessi felur í sér mikilvægt skref í þeirri vegferð.

Reykjavík, 30. september 2020.

  
Forsætisráðherra

  
Fjármála- og efnahagsráðherra

  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Fylgiskjal 1.

**Aðgerðir ríkisins vegna  
heimsfaraldurs kórónuveiru og áhrif þeirra á  
starfsemi og fjárhag sveitarfélaga**

Ljóst má vera að áhrif Covid-faraldursins á fjárhag ríkissjóðs verða mikil, hann hefur borið hitann og þungann af mótvægisáðgerðum, hvort sem er í gegnum sjálfvirka sveiflujafnara ríkisfjármálanna á borð við skatttekjur og atvinnuleysisbætur eða sérstakar ráðstafanir, t.a.m. stóraukinn viðbúnað í heilbrigðiskerfinu, hlutaatvinnuleysisbætur, rekstrarstyrki til fyrirtækja, umtalsverðar ábyrgðir á rekstrarlánum til fyrirtækja, fjárfestingaráttak, vinnumarkaðsúrræði, nýsköpunarstuðning, o.s.frv.

Efnahagsaðgerðir vegna COVID-19 sem stjórnvöld samþykktu á tímabilinu mars-maí og ríkissjóður fjármagnar og hafa það markmið að styðja heimili og fyrirtæki hafa í för með sér beinan eða óbeinan ávinning fyrir samfélagið í heild. Sterkari staða heimila og fyrirtækja leiðir til þess að helstu tekjustofnar sveitarfélaga eins og útsvar og fasteignarskattar auk lögbundinna framlaga ríkisins í Jöfnunarsjóð, halda sér betur en ella og öll skattskil verða betri. Auk þess munu óbeinna áhrifa einnig gæta á útgjaldahlið og í skattastyrkjum sveitarfélaga, svo sem í minni þörf fyrir fjárhagsaðstoð og afslætti af þjónustugjöldum.

Meðal sértækra aðgerða sem koma sveitarfélögum til góða má nefna eftirtalið:

- I. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti til sveitarfélaga eða stofnana og félaga alfarið í þeirra eigu vegna vinnu manna á byggingarstað við byggingar- og viðhaldsframkvæmdir er útvíkkuð til alls húsnæðis (s.s. íþróttahúsa og skóla) og vinnu við hönnun og eftirlit með slíkum framkvæmdum. Áætlað að sú endurgreiðsla geti numið 1.000 m.kr. árlega eða **2.000 m.kr.** alls, miðað við að framlenging til ársloka 2021 verði samþykkt á haustþingi 2020. Markmið aðgerðarinnar er að liðka fyrir framkvæmdum sveitarfélaga.
- II. **600 m.kr.** til sveitarfélaga til að veita tímabundinn stuðning til lágtekjuheimila sem tryggja jöfn tækifæri barna til íþrótt- og tómstundastarfs í sumar.
- III. **540 m.kr.** til að stórefla heilsugæsluþjónustu um land allt. Gert er ráð fyrir verkefnið sem kallast „*Heilsuefling í heimabyggð*“ standi yfir í tólf mánuði og taki til fjölda undirverkefna sem hvert og eitt er ætlað að stuðla að betri geðrækt og andlegu heilbrigði íbúa landsins. til heilsueflingar í heimabyggð, geðrækt og andlegt heilbrigði.
- IV. **450 m.kr.** til að efla félagsleg úrræði og tryggja stuðning við viðkvæma hópa. Markmiðið er að vinna gegn félagslegri einangrun aldraðra, efla félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara og öryrkja, auka félagslegan stuðning fyrir fjölskyldur á landsvísu með sérstaka áherslu á stuðning við fjölskyldur fatlaðra barna, styrkja starf landshlutateyma fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra og að styrkja stöðu barna af erlendum uppruna.
- V. **250 m.kr.** í stuðning við Suðurnes til að fylgja eftir aðgerðaáætlun ráðherraskipaðrar nefndar um málefni svæðisins. Fyrirhuguð úrræði eru m.a. aukin þjónusta við erlenda íbúa, stofnun þverfaglegs teymis á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála og efling Reykjanes Geopark.
- VI. **215 m.kr.** til að vinna gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gagnvart börnum.

- VII. **157 m.kr.** til að fullfjármagna samning við sveitarfélögin vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar við fatlaða einstaklinga (NPA).
- VIII. **100 m.kr.** sem ætlað er að styrkja úrræði vegna heimilislausra með fjölpættan vanda. Gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið fari í samstarf við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um eflingu á þjónustu við þennan hóp.
- IX. **100 m.kr.** til stafrænnar þróunar á vegum sveitarfélaga til að bæta þjónustu og auka samskipti. Breytingar hafa verið gerðar á sveitarstjórnarlögum sem tryggja að hægt sé að halda sveitarstjórnarfundi eingöngu í gegnum fjarfundarbúnað.
- X. **30 m.kr.** til brothættra byggða vegna félagslegrar þjónustu og annarra viðfangsefna sem upp koma í tenglum við COVID 19 faraldurinn, s.s. varðandi barnavernd og félagsþjónustu.
- XI. **25 m.kr.** til þróunar sviðsmyndalíkans til að greina fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga. Því verður ætlað að finna veikleika í búskap einstakra sveitarfélaga til að geta sett upp sviðsmyndir til að bregðast betur við þegar sambærilegar aðstæður koma upp.

Auk framangreindra verkefna má nefna ýmis verkefni sem tengjast sveitarfélögum sbr. þingsályktun 28/150 um **sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak** á árinu 2020:

- XII. **750 m.kr.** verður varið í hafnarframkvæmdir.
- XIII. **600 m.kr.** var bætt sérstaklega inn í fjárfestingaráttakið. Af þeim skulu 200 m.kr. fara í verkefni tengd sjúkrahúsi Akureyrar og 300 m.kr. til heilbrigðisstofnana á Norðurlandi eystra og á Suðurnesjum. 100 m.kr. verða veittar í endurbyggingu gamla ríkisins á Seyðisfirði.
- XIV. **350 m.kr.** fjármagni verður varið í ofanflóðavarnir
- XV. **350 m.kr.** skal verja í flughlað á Akureyri og í gerð akbrautar á Egilsstaðarflugvelli.
- XVI. **296 m.kr.** var bætt inn í fjárfestingaáttakið til endurbóta á flugvöllum og í viðhaldsverkefni tengdum þeim t.d. er 126 m.kr. framlag til Þórshafnarflugvallar og 80 m.kr. framlag til Ísafjarðarflugvallar.
- XVII. **200 m.kr.** skal til viðbótar verja í flugstöð á Akureyri.
- XVIII. **200 m.kr.** verður varið í uppbyggingu fráveitumála hjá sveitarfélögum.
- XIX. Varðandi önnur innviðaverkefni þá er gert ráð fyrir að auka fjárveitingu í sóknaráætlanir landshluta við byggðaráætlun um **200 m.kr.** Einnig er áætlað að veita aukalega **100 m.kr.** í verkefnið brothættar byggðir.
- XX. **75 m.kr.** er áætlað að verja í varnir gegn landbroti.
- XXI. **150 m.kr.** voru veittar til málaflokksins *Byggðamál* vegna styrkja til sex sveitarfélaga; Skútustaðahrepps, Sveitarfélagsins Hornafjörður, Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþing eystra og til Bláskógabyggðar. Byggði þetta aukna framlag á mati

Byggðastofnunar um að áhrif niðursveiflunnar í ferðaþjónustu kæmi einna verst við þessi tilteknu sveitarfélög.

- XXII. Fjárfestingar- og uppbyggingaráttak 2021-2023 (háð samþykki Alþingis á frv. til fjárlaga 2021 heildarumfangið nemur 27 ma.kr. á árinu 2021 – hér ekki tæmandi listi af málum sem tengjast sveitarfélögum og byggðamálum)
- **1,9 ma.kr.** til framkvæmda við flugvelli þ.m.t. flugstöð og flughlað á Akureyri og flughlað á Egilsstaðarflugvelli.
  - **800 m.kr.** í styrki til sveitarfélaga vegna fráveitumála
  - **683 m.kr.** í ýmsar úrbætur á innviðum í kjölfar óveðursins í desember 2019.
  - **600 m.kr.** vegna endurbóta og viðbyggingar við sjúkrahúsið á Selfossi.
  - **400 m.kr.** til aukinna hafnarframkvæmda til viðbótar við aukin framlög á árinu 2020.
  - **300 m.kr.** til uppbyggingar og þróun áfangastaða í ferðaþjónustu.
  - **200 m.kr.** til uppbyggingar legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri.
  - **200 m.kr.** til byggingar húsnæðis vegna öryggisvistunar í Reykjanesbæ.
  - **200 m.kr.** til byggingar nýrrar heilsugæslustöðvar í Reykjanesbæ
  - Auk þess er gert ráð fyrir verulegri aukningu til samgönguframkvæmda sem kemur til viðbót allri fyrri aukningu til málaflokksins.
- XXIII. Atriði sem gert er ráð fyrir í frv. til fjárlaga 2021 (ekki tæmandi listi – háð samþykkti Alþingis)
- **730 m.kr.** til frekari jöfnunar á kostnaði vegna dreifingar raforku
  - **600 m.kr.** í tímabundin áframhaldandi aukin framlög vegna aðgerða í þágu barna og fjölskyldna (frístundastyrkir og barnavernd).
  - **540 m.kr.** til heilsuefningar í heimabyggð – áframhald af verkefninu sem fór af stað á þessu ári.
- XXIV. **Tímabundin lenging á tímabili tekjutengdra atvinnuleysisbóta úr þremur mánuðum í sex.** Þetta felur í sér jákvæð áhrif gagnvart útsvari sveitarfélaga þar sem meðalgreiðslur atvinnuleysisbóta verða hærrí þá þrjú mánuði sem lengingin nær til en áhrifin af þessu úrræði ná vel inn á árið 2021.
- XXV. **Fallið hefur verið frá áformum um að leggja á nýjan urðunarskatt í ársbyrjun 2021.** Því kemur ekki til þeirra auknu verkefna sem slík skattlagning hefði lagt á herðar sveitarfélögum.